

A 1871/välfärd

Afgreiðsla Norræna velferðarnefndin

Nefndarálit norrænu velferðarnefndarinnar um
þingmannatillögu um norræna bóluefnaframleiðslu

Tillaga

Norræn vinstri græn leggja til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna

að ríkisstjórnir Norðurlanda tryggi fjármögnun rannsókna á bóluefnum á Norðurlöndum

að ríkisstjórnir Norðurlanda taki höndum saman um norræna bóluefnaframleiðslu

að ríkisstjórnir Norðurlanda taki virkan þátt í marghliða starfi við að koma í veg fyrir að takmarkanir vegna einkaleyfa og vankantar á miðlun þekkingar og tækni standi í vegi fyrir skjótvirkri og hagkvæmri baráttu við farsóttir

Til skýringar

Heimsfaraldur kórónuveiru hefur sýnt hve útbreiðsla veirusjúkdóms í æ þéttbýlli heimi getur verið hröð, víðtæk og afdrifarík. COVID-19 dreifði sér um allan heiminn á nokkrum mánuðum. Hæpið er að kórónufaraldurinn verði síðasti heimsfaraldurinn sem við upplifum á ævi okkar.

Fyrir vikið er heilsa okkar háð alþjóðlegum framleiðslukeðjum og flóknum og leynilegum samningum alþjóðlegra fyrirtækja. Þrátt fyrir að nokkrar tegundir bóluefna hafi verið þróaðar með hraði í baráttunni gegn COVID-19 hefur bæði framleiðsla þeirra og afhending reynst óstöðug og ónóg miðað við þörfina á heimsvísu. Betur þarf að tryggja aðgengi að bóluefni á krepputímum. Besta leiðin til þess er að innleiða norrænt samstarf um sameiginlega framleiðslu á bóluefnum, til viðbótar við núverandi alþjóðasamstarf, og auka fjármögnun landanna til rannsókna og þróunar á bóluefnum.



Þingmannatillagan tengist verksviðum annarra nefnda að því er varðar að tryggja fjármögnun rannsókna á bóluafnum (Norræna þekkingar- og menningarnefndin), samstarf um framleiðslu bóluafna (Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin + Stjórnsýsluhindranahópurinn), marghliða starf við að koma í veg fyrir takmarkanir vegna einkaleyfa ásamt hindrunum í vegi fyrir skjótri og hagkvæmri baráttu við farsóttir (Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin + Stjórnsýsluhindranahópurinn).

Í ljósi þess hve þingmannatillagan er margþætt og vægis hennar í samhengi við faraldurinn, hefur nefndin fjallað um þingmannatillöguna og jafnframt sent hana til umsagnar í Norrænu þekkingar- og menningarnefndinni, Norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndinni og Stjórnsýsluhindranahópnum. Þetta er gert til að flýta afgreiðslu þingmannatillögunnar í öllum nefndum sem málið varðar, og til að Norræna velferðarnefndin geti tekið hana til annarrar umræðu eins fljótt og unnt er með hliðsjón af umsögnum frá viðeigandi nefndum.

Sjónarmið nefndarinnar

Nefndin er hlynnt tillögunni, sem er álitin tímabær en þó nokkuð flókin. Nefndin er sammála um að þróa þurfi tillöguna frekar og að náið samstarf við atvinnulíf, rannsóknir og raunvísindi sé mikilvægt. Nefndin er einnig sammála um að Norðurlönd séu upplagt svæði til rannsókna og þróunar bóluafna og að notagildi og mikilvægi tillögunnar skipti miklu fyrir nánara norrænt samstarf. Þá var nefnt að eins og er séu bólusetningar á Norðurlöndum einkar ósveigjanlegar og að ekki sé hægt að láta bólusetja sig fyrst á einum stað og næst á öðrum.

Nefndin leggur til að fyrsti tillöguliður verði umorðaður á eftirfarandi hátt:

- að ríkisstjórnir á Norðurlöndum skoði möguleika á að tryggja fjármögnun rannsókna á sviði bóluafna á Norðurlöndum.

Nefndin leggur til að þriðji tillöguliður um einkaleyfatakmarkanir falli brott.

Nefndin óskar eftir að við aðra umræðu tillögunnar verði umsagnir viðeigandi nefnda hafðar til hliðsjónar áður en endanleg afstaða verður tekin til tillögunnar.

Umsögn frá Norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndinni (með ábyrgð gagnvart Stjórnsýsluhópnum)

„Á fundi Norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar 29. júní 2021 hafði hún til umsagnar þingmannatillögu um norræna bóluafnaframleiðslu (A 1871/velfærd). Í umræðum nefndarinnar komu fram eftirfarandi sjónarmið varðandi þingmannatillöguna um norræna bóluafnaframleiðslu:

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin ræddi þingmannatillöguna og benti á að málið sé flókið bæði í pólitísku og viðskiptalegu tilliti hvað varðar samstarf og fjármögnun rannsókna og framleiðslu, enda varða þessi mál bæði opinbera og einkaaðila.



Nefndin benti á að í tillögunni felast margir möguleikar á fjölda nýrra starfa á Norðurlöndum og að á almennum markaði eru það einkum hátækni- og sérfræðistörf sem vantar.

Til að skýra þessi mál samþykkti nefndin ásamt velferðarnefndinni að bjóða sérfræðingi frá einkageiranum og öðrum frá opinbera geiranum til sameiginlegs fundar. Það kom einnig fram að nefndinni þykir það mikilvægt og ekki síður áhugavert ef þessir sérfræðingar geta lýst kostnaði, skilvirkni o.fl. miðað við núverandi lausnir. Einnig gæti það verið gagnlegt ef þeir gætu komið með hugmyndir að því hvernig nýtt kerfi gæti litið út."

Umsögn frá Norrænu þekkingar- og menningarnefndinni

„Norræn vinstri græn hafa sent þingmannatillögu A 1871 um *norræna bóluefnaframleiðslu* til umfjöllunar í Norrænu velferðarnefndinni. Nefndin ræddi tillöguna.

Það var breið sátt um að markmið tillögunnar um víðtækara samstarf til að mæta komandi faröldrum væri gott.

Nefndin var einnig einhuga um að styðja tillögu um þörf á aukinni fjármögnun rannsókna.

Meirihluti nefndarinnar hafði efasemdir um tillöguna um samnorræna bóluefnaframleiðslu."

Norðurlöndum 7. september 2021

Aksel V Johannesen (JF)

Anders Adlercreutz (sv)

Ann-Chirstine From Utterstedt (SD)

Bente Stein Mathisen (H)

Eva Lindh (S)

Johan Andersson (S)

Kaisa Juuso (saf)

Kim Berg (S)

Maria Stockhaus (M)

Nina Sandberg (A)

Pekka Aittakumpu (cent)

Solveig Sundbø Abrahamsen (H)

Aaja Chemnitz Larsen (IA)

Åsa Karlsson (S)